




FÉLAGSFRÆÐIRANNSÓKN

Veggspjaldið VERKLÝSING

(vægi 5%)

<p>Munið að frumkvæði og frumleiki hækkar einkunn fyrir þetta veggspjald</p> <p>Ekki gleyma Búdda <i>Ef þú snýrð í rétta átt dugir að halda göngunni áfram!</i></p>			
--	---	---	---

Hönnun veggspjaldsins

- I. Útlit - ég legg til að þið tengið útlit þess viðfangsefni ykkar, sjá gömul veggspjöld á námsvefnum. Umfangið er A3, 30x40 cm eða 1200 cm². (þið fáid 2 stk. A3 en eins mikið af lituðum A4 blöðum og þið teljið ykkur þurfa.)
Þegar þið breytið réttmyndum fleti í annað form gleymið þá ekki þessu efnismagni.
OG verið búin að ákveða allt sem á að koma á flötinn áður en þið mótið veggspjaldið svo þið lendið ekki í því að hafa í raun hannað of lítinn flöt fyrir það efnismagn.
EFNISMEDFERÐ
Nota **létt efni**, s.s. pappír, þunnt plast, þunnt frauðplast eða ál.
Reynið að hafa framsetningu ykkar smyndræna%vandi ykkar er að ná athygli þeirra sem eiga leið framhjá veggspjaldi ykkar, þ.e.a.s. hvernig náid þið athygli nemenda MH án þess að ögra, hneyksla eða vera með tæknibrellur? Hér reynir á frumleika og sköpunargáfu því oft er einfaldleikinn bestur. sbr. þrívíddartæknin. Þið dragið fram hvað er séréttmæmt%b rannsóknarniðurstöðum ykkar. Þetta á að vera heildstætt verk eins og rannsóknin ykkar var.
- II. Texti og trums Textinn á að innihalda - viðfangsefni, réttlætingu, sérstöðu, gögnin = hvaða gögn og . hversu traust þau eru. Textinn á að vera skýr en hófsamur og munið sjónarhornið - að hegðun okkar mótast af hópnum eða hópunum sem við tilheyrum.
Hafið fyrirsögn ykkar skýra og hnitmiðaða .
Gröf í lit (þið þurfið að prenta þau út sjálf, t.d. á bókasafni skólans) og túlkun þeirra á mannamáli. Myndir, ljóð eða teikningar ef vill.
- III. Niðurstöður = helstu niðurstöður rannsókna ykkar.
- IV. Merking VS Upplýsingarnar sem eiga að koma fram eru: nöfn hópmeðlima og að þið séuð í áfanganum FÉLA2BK05 hér í MH.



Dæmi um sþrívíddar-effekt%

Þegar að því kemur að gera sjálft veggspjaldið þurfið þið að koma með **skæri og lím**.

Þegar þið setjið það upp á vegg . ekki spara límið.

Tilgangurinn

Tilgangurinn með þessu verkefni er í rauninni tvíþættur. Í fyrsta lagi að átta sig á hvað kom raunverulega út úr eigin rannsóknarvinnu OG í öðru lagi að koma því frá sér á skýran og knappan hátt eða í símskeytastíl.

Þið skilið textanum og gröfunum sem word- skjali undir heitinu sVerkefni%á námsvefnum.

Munið að merkja það með nafni rannsóknarhóps ykkar (ER sþveir tölustafir%o

HUGSANLEG GAGNRÝNI FRÁ KENNARA

1. Tölfræðin er ómarkviss. Lýsing á gröfunum en ekki túlkun.
2. Textinn er óljós og/eða óagaður.
3. Lokaorð óljós og/eða ómarkviss.
4. Verkið er ekki heildstætt.
5. Veggspjaldið er ekki frumlegt að mínu mati.
6. Þið hafið ekkert merkilegt það segja%áhorfendum.
7. Þið gleymduð að skrifa nöfnin ykkar og nafn áfangans á veggspjaldið.

Mælistika kennarans

1. Útlit = Er heildarsvipur, stílhreint og frumlegt?
2. Texti = Er textinn skýr og skilur þar með venjulegur áhorfandi það sem þið eruð að tala um?
3. Gröf = Eru gröfin ykkar lýsandi og er túlkun ykkar á þeim skiljanleg venjulegum áhorfanda?
4. Lokaorð = Eru niðurstöður rannsóknar ykkar augljósar þeim sem skoðar veggspjald ykkar?

Skil = Setja á VS upp við stofu 26 fyrir 24.04.13 n.k.

Gangi ykkur vel